



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Eskifirði
Opinber heimsókn
21. september 1999**

Ágætu Eskfirðingar
og Reyðfirðingar
Heiðruðu samkomugestir

Það hefur ætíð vakið tilhlökkun og gleði í huga mér að heimsækja Austfirði, hitta á ný hið góða fólk sem hér býr og njóta náttúrunnar, tignar fjallanna og glæsileika, kyrrðar í djúpum dölum, sérstæðrar sýnar af háum heiðarvegum. Austfirðir eiga sér enga hliðstæðu á vogskorinni ættjörð okkar, og reyndar skapa fjölbreytt náttúran og fegurðin þessum fjörðum og dölum, heiðum og héruðum sérstöðu á heimsvísu.

Hér hefur sköpunarkraftur jarðarinnar skilað góðu verki. Fornar eldstöðvar og elstu björg Íslands hafa í hægum samleik við jökla ísaldar mótað breiða og djúpa firði sem hver og einn eykur nýjum sjónleik við ferð um fjórðunginn, enginn er öðrum líkur, hver býr yfir sínum sérstæðu töfrum. Reyðarfjörður er lengstur og mestur þeirra allra, og sem kórónu á dýrðina hefur skaparinn aukið Eskifirði við handarverkið.

Það var því við hæfi að hinn fyrsti sæfarandi sem sögur greina frá að til Íslands hafi komið, Naddoður víkingur, skyldi einmitt taka hér land; Austfirðir og austfirskar náttúruvættir verið fremstar í þeim heiðursverði sem náttúran fylkti til að mæta landnámsmönnum.

Í frásögn fornra rita er þess getið að Naddoður og förunautar hans hafi lofað landið mjög og Reyðarfjall orðið heiti þess háa fjalls sem veitti þeim útsýni vítt. Í kjölfar þessarar ferðar komu svo Garðar Svavarsson, Hrafna-Flóki og þeir fóstbræður Ingólfur Arnarson og Hjörleifur. Þótt sagan hafi veitt þeim æðri sess verður það ekki frá Reyðfirðingum og

Eskfirðingum tekið að það var hér sem tign Íslands heillaði fyrst framandi gesti; héðan barst orðsporið um gjöfult land, víðáttu og glæsileika fjarða og fjallasýnar.

Hér sáu frjálshuga og sóknðjarfir menn glæsileg tækifæri til að freista þess að sjá hvað gæfan kynni að bera í skauti sínu.

Segir svo í upphafsþók Íslandsbyggðar að Þorgeir hafi heitið maður göfugur:

„Hann átti þrjá sonu, var einn Brynjólfur hinn gamli, annar Ævar hinn gamli, þriðji Herjólfur. Þeir fóru allir til Íslands á sínu skipi hver þeirra. Brynjólfur kom skipi sínu í Eskifjörð og nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan, fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan og svo Völluna út til Eyvindarár og tók mikið af landnámi Una Garðarssonar og byggði þar frændum sínum og mágum. Hann átti þá tíu börn en síðan fékk hann Helgu, er átt hafði Herjólfur bróðir hans og áttu þau þrjú börn.”

Má með sanni segja að snemma hafi barnalánið leikið við mannfólkið hér á Austfjörðum ef marka má þessa frásögn Landnámu. Samfélagshættir, menning og framfarir í atvinnulífi hafa síðan sett svip á búskap og byggðarlög við Eskifjörð og Reyðarfjörð og forystusveit og íbúar byggðarlagsins markað djúp spor í sögu íslenskrar þjóðar, bæði á tíma einokunar og erlendraráþjábanar sem og á sóknarskeiði sjálfstæðisbaráttunnar.

Fyrir 200 árum hóf danska fyrirtækið Ørum og Wulff verslunarrekstur á Eskifirði og á lokaspretti síðustu aldar opnuðu Wathne og Tulinus búð á Bakkagerðiseyri. Nöfnin sjálf eru tákn þeirra erlendu áhrifa sem mörkuðu upphaf atvinnurekstrar hér um slóðir og sú hin fræga Gamlabúð vitnisburður um þessa tíma.

Reyndar er það merkilegt hve alþjóðlegir Austfirðingar hafa um aldir verið í viðskiptum sínum og verslun. Strax á síðari hluta 16. aldar stóðu þýskir Hansakaupmenn fyrir brúargerð á Jökulsá og víða hér um slóðir er að finna merki um umsvif annarra Evrópuþjóða: Frakka, Baska, Norðmanna, Hollendinga og Breta. Og hina fyrstu þéttbýlismyndun á Eskifirði má vissulega rekja til forystu Norðmanna um síldveiðar á Austfjörðum í þann mund sem efnt var til hinnar fyrstu þjóðhátíðar á Þingvöllum og konungur Danmerkur færði Íslendingum stjórnarskrá.

Í þessum jarðvegi spruttu traustar rætur þeirrar hreyfingar sem færði þjóðinni að lokum sjálfstæðan sess í samfélagi heimsins. Hingað kom

fullhuginn Jón Ólafsson sem ungur orti Íslendingabrag, bróðir Páls sem kalla má eitt höfuðskáld ykkar Austfirðinga, hingað kom hann í uppreisn gegn erlendu valdi, stofnsetti prentsmiðju, hóf að gefa út blaðið Skuld og gerðist svo þingmaður sýslunnar. Þann sess hlaut einnig Tryggvi Gunnarsson sem fyrst var timburmaður og bóndi, smíðaði kirkjur og brýr, brautryðjandi í atvinnulífi og þjóðmálum.

Í kjölfarið kom svo baráttusveit fyrir framförum og félagslegu réttlæti. Hagsmunir sjávarútvegs og bænda eignuðust oddvita sem reyndust Austfirðingum vel á vettvangi landsmálanna. Fyrstan í þeirri fylkingu má nefna Svein Ólafsson í Firði, bónda í nær hálfa öld og þingmann í áratugi, baráttumann fyrir samvinnu og framförum jafnt í sveit sem við sjávarsíðu.

Hún hefur vissulega verið vösk sveitin sem Austfirðingar hafa sent fram á völlinn til að gæta hagsmuna sinna við landsstjórn og á þjóðþingi. Er vert að minnast hér í kvöld þriggja manna sem allir hafa látist á þessum áratug og víðtæk áhrif höfðu á framfarir í fjórðungnum og landshagi á lýðveldistíma.

Eysteinn Jónsson var yngstur þeirra sem tekist hafa á hendur ráðherradóm á Íslandi. Hann beitti sér frá kreppuárum til fyrstu áratuga lýðveldis fyrir nýsköpun í atvinnulífi og nýju verðmætamati í þágu náttúruverndar og lýðræðis, var sannur fulltrúi þeirrar hefðar sem leitaði sátta milli varðveislu hinnar einstæðrar náttúru Íslands og þeirrar nauðsynjar að efla byggðirnar til að bæta líf skjör og tryggja búsetu.

Lúðvík Jósepsson var tvívegis í fararbroddi við útfærslu landhelginnar og skildi öðrum mönnum betur að framtíð byggðarlaga um landið allt byggist á öflugum sjávarútvegi og atvinnufyrirtækjum í eigin höndum. Vissulega hefur blómleg saga útgerðar og fiskvinnslu hér á Eskifirði, við Reyðarfjörð og víðar í fjórðungnum sannað réttmæti þeirrar framsýnar sem í landhelgisstríðum blés landsmönnum baráttuanda í brjóst.

Jónas Pétursson ráðunautur og tilraunastjóri hélt á Alþingi og í stjórnarnefndum á lofti sóknarfærum í landbúnaði og sveitabyggðum, sannfærður um að sjálfstæði einstaklinga og þjóðar væri best borgið ef gæði náttúrunnar og sóknarfæri atvinnulífsins féllu saman í farsælum farvegi.

Þessir öðlingsmenn og þjóðmálakempur og margir aðrir samverkamenn þeirra og oddvitar í fylgdarliði áttu sér drauma um

blómlegar byggðir um Austfirði alla og árangursríka samfylgd manns og náttúru, bænda og gróðurs, sjómanna og fiskistofna.

Á vegamótum nýrrar aldar þegar verkefni og vandamál hafa kallað fram andstæður í átökum um leiðir sem í fyrstu virðast af ólíkum meiði þá er hollt að ganga í smiðju þessara gömlu leiðtoga Austurlands og annarra virtra og vísra manna sem unnið hafa ævistarfið hér um slóðir og nema þá lærdóma sem afrek þeirra og ævistörf fólu í sér, afrek sem skilað hafa fjórðungnum áhrifaríkum og öflugum.

Það er liðinn röskur aldarfjórðungur síðan ég kom hingað fyrst og þá eins og nú var heit umræðan um vanda landsbyggðar og framtíðarhorfur; ungir menn töldu brýnt að efna til aðgerða ella mundi illa fara. Sé litið yfir farinn veg er svo sannarlega tilefni til að fagna margvíslegum árangri og í heimsókn minni í dag gáfust tækifæri til að sjá hve traustar eru orðnar hér um slóðir stoðir atvinnuhátta, menntunar og mannlífs alls.

Árangurinn birtist mér samfelld frá komustund til kvöldverðar og til þeirra hátíðarsamkomu sem við höldum hér í kvöld. Samræður við krakka og kennara í skólunum, heimsóknir í fyrirtæki sem helguð eru framleiðslu á hollum matvælum, góðar stundir með öldruðum í Hulduhlíð og safnaðarheimili kirkjunnar; söfnin ykkar, fróðlegar heimildir um minjar, mannlíf og náttúruperlur. Já, dagurinn hefur fært mér bjartsýni á framtíð byggðarinnar hér á ykkar heimaslóðum.

Umræðan sem að undanfögnu hefur verið frek á athyglina má ekki verða til þess að við gleymum hve fjölpættar framfarirnar eru, að engin hraðbraut liggur að sigurmarki, að samspil atvinnu, menntunar, tækni, velferðar, náttúrugæða og lífshátta er kjörefni í máttarstólpa, undirstöðuna sem á nýrri öld mun færa byggðum hér á Austlandi blómlega framtíð og tryggja trausta búsetu í fjórðungnum öllum.

Valið milli varðveislu náttúrugæða – landslags, gróðurs, dýralífs – og umsvifa og framkvæmda í þágu atvinnulífs og vinnumarkaðar er ekki aðeins flókið og erfitt varðandi virkjanir á hálendinu og verksmiðjur á Austurlandi. Það er þrautaglíma fyrir mannkyn allt, sem í borgunum Rio og Kyoto hefur reynt að setja sér leikreglur sem tryggt gætu börnum okkar og afkomendum öllum sömu gæði náttúrunnar og við höfum notið. Sú umræða sem heitast hefur brunnið undanfarið um framtíðarskipan atvinnumála og náttúruvernd hér í fjórðungnum er sömu ættar. Og því skiptir miklu að við Íslendingar tökum þátt í henni með opnum huga og umburðarlyndi, leyfum öllum röddum að hljóma og komust þannig saman á leiðarenda.

Valið er í þessum efnum afar erfitt, er og verður um ókomna tíð, og allir helstu oddvitar fylkinga hafa mikið til síns máls, enda skerast í slíkum deilum skörpustu átakalínur nútíðar og nýrrar aldar. Heitar og sannar tilfinningar búa í brjóstum allra sem málið snertir; íbúanna sem unna heimabyggð og vilja þar búa fjölskyldum sínum vænlega afkomu og blómlegt líf; og einnig þeirra sem standa vörð um náttúruna og vilja fara hægt í framkvæmdum, breytingum á farvegi fallvatna og gróðurfari, þeir sjá í óbyggðunum eðalkosti landsins sem þeir elska.

Á vettvangi slíkra umræðna er brýnt að varðveita umburðarlyndið og gagnkvæman skilning því allir hafa nokkuð til síns máls, að missa ekki sjónar á þeim sannleika að Austfirðingar og við Íslendingar allir höfum við nýjar ákvarðanir um virkjanir og verksmiðjur fengið í fangið þá rökræðu sem víða um veröld er talin þrautin þyngri og flóknari en frægir hnútar úr fornum sögum.

Því þurfa allir að gæta hófs og gefa sér góðan tíma, gleyma aldrei að lýðræðið er nú einu sinni sú stjórnskipan þar sem allir hafa jafnan rétt til málfrelsis og þátttöku í ákvörðunum.

Og líkt og Austfirðir urðu fyrstir íslenskra fjarða til að heilsa sæfarendum frá fjarlægri strönd, Naddoði víkingi og félögum sem á undan öðrum fengu að líta dýrð Reyðarfjarðar og lofsungu tign fjallanna – líkt og þá hafa örlögin hagað því svo að í árdaga nýs árþúsunds eru Austfirðir vettvangur glímunnar um gæði og lífsgildi sem reynast mun Íslendingum og mannkyni öllu örlagarík á nýrri öld, glímunnar um hvernig við stillum vogina sem mæla mun meðalhófið milli náttúrugæða og framkvæmdasóknar.

Leiðtogar Austurlands og Íslendinga frá fyrri tíð sem ég nefndi til sögunnar hér í kvöld fundu farvegi sem reyndust farsælir og svo vel þekki ég þá sem hér búa nú að ég veit að leiðarljósín eru enn hin sömu.

Ég árna ykkur allra heilla og þakka ykkur fyrir frábærar móttökur, góða vináttu og ógleymanlegan dag.